

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 60/1991.

Ákærvaldið

gegn

Bjarna Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Sigurðssyni verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á stórfelldum fjársvika- og skjalafalsmálum

með tékkum úr tékkheftum, sem að undanfögnu hafa horfið í innbrotum eða með öðrum hætti úr vörslum rétthafa.

Grunur hefur beinst að kærða um aðild að fimm málum, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR.

Kærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 15. janúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar ýmissa mála á hendur honum. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi játað að hafa notið góðs af andvirði tékka úr tékkheftum, sem hurfu í innbroti í Hraðfrystihús Grundarfjarðar. Jafnframt hefur kærði játað aðild að skjalafalsi með tékkum úr tékkheftum BB og AÁG. Þá kannast kærði við að hafa ritað tékka úr tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, en hefti þetta var í tösku, er stolið var úr verslun við Hallveigarstíg í Reykjavík. Kærði hefur hins vegar neitað að hafa ásamt JHS og SHS staðið að ráni, þar sem rænt var 6-8.000 krónum og tékkhefti frá KK. Kvæðst kærði þó kannast við að hafa framselt tvo af hinum fölsuðu tékkum úr nefndu tékkhefti. Þá hefur kærði neitað að hafa stolið seðlaveski GOG, en kannast við undirskrift sína á tékka, er lagður var til tryggingar leigufjárhæðar hjá bilaleigu ÁG.

Brot þau, sem kærði er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur brotaferill hans verið samfelldur frá árinu 1978. Upplýst er, að kærði er atvinnulaus. Verður að telja víst, að kærði sé síbrotamaður. Þykir því veruleg hættu á, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina, svo að unnt verði að ljúka rannsókn kærumála á hendur kærða, og ákveða, að hann sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.